

## **Reglur um menningarverðlaun í Sveitarfélaginu Vogum.**

sbr. þessi ákvæði í Menningar- og félagastefnu sveitarfélagsins:

- Menningarverðlaun eru að jafnaði veitt árlega.
- Félög sem skara fram úr í að auðga mannlíf í Vogum fá sérstaka viðurkenningu.

1.gr. Val á þeim sem hljóta menningarverðlaun Voga er samstarfsverkefni Frístunda- og menningarnefndar, félaga í Sveitarfélaginu Vogum og íbúa sveitarfélagsins.

2.gr. Frístunda- og menningarnefnd auglýsir eftir tilnefningum og ábendingum, gefur ákveðinn frest og auglýsir viðburð þar sem afhending fer fram. Rétt til að tilnefna hafa öll félög í Vogunum og íbúar sveitarfélagsins.

3.gr. Tilnefningu skal gjarna fylgja stutt greinargerð um viðkomandi einstakling eða félag, um starf og viðburði undanfarin ár og þátt þeirra í að auðga menningar- og félagslíf í sveitarfélaginu og vera öðrum fyrirmynd. Frístunda- og menningarnefnd styðst við þá greinargerð við val og kynningu.

4.gr. Frístunda- og menningarnefnd velur hver fái menningarverðlaun eða viðurkenningu fyrir framúrskarandi félagsstarf með hliðsjón af tilnefningum og ábendingum.

Reglurnar voru samþykktar á 66. fundi frístunda- og menningarnefndar Voga og staðfestar á 132. fundi bæjarstjórnar 29 mars 2017.